Kópavogur, 5. október 2024

Brekkuhvarf 1a –
Fylgiskjal til breytinga á deiliskipulagi

Við Róbert Örn Einarsson og Birgitta Anný Baldursdóttir, eigendur að Brekkuhvarfi 1a, óskum eftir því að kanntsteinn á gangstétt sem liggur samsíða bílastæði okkar í Brekkuhvarfi 1a verði lágur svo við getum keyrt inn á stæði beint frá götu en ekki botnlanga eins og deiliskipulag gerir ráð fyrir. það væri okkur til mikilla hagsbóta enda aðgengi að stæðinu ekki gott skv. deiliskipulagi. Það kemur reyndar ekki neitt annað til greina en að kannsteinn verði lágur vegna þess að hæðarmunur á okkar lóð og götu er það lítill að kanntsteinn í venjulegri hæð illi því að vatn rynni ekki út á götu heldur inn á okkar stæði og myndi búa til polla.

Öll hús sem standa við Brekkuhvarf geta keyrt bílum sínum beint frá götu í sín stæði og því er þessi breyting sem við óskum eftir í fullkomnum takti við það sem tíðkast í götunni. Breytingin hefur engin áhrif á íbúa í götunni og brýtur ekki í bága við rammaákvæði.

Kostir við að hafa kanntstein lágan

1. Ef kanntsteinn á gangstétt er lágur mun það liðka fyrir sorphirðu þar sem að sorpskýli verða aðgengileg beint frá götu og ekki þörf á að loka lóð frekar af eins og okkur fyndist þörf ef núverandi deiliskipulag yrði ráðandi.

2. Við getum komið bílum íbúa í Brekkuhvarfi 1a í stæði innan okkar lóðarmarka og þannig fækkað bílum sem þarf að leggja í götunni.

3. Við þurfum ekki að keyra inn þröngan botnlangann til að komast inn á stæðið okkar, sem minnkar umferð inn hann og bætir þar af leiðandi aðgengi nágranna okkar að sínum heimilum.

4. Notagildi stæðis verður meira og eykur líklega verðmæti fasteignarinnar og gerir endursölu auðveldari.



Bleika línan sýnir hvar við óskum eftir því að kanntsteinn verði lágur en það er á u.þ.b. 6m kafla.

Bláu línurnar merkja lágan kannsteinn við lóðirnar í kring og er ætlað að sýna fram á að ósk okkar er í fullkomnum takti við það sem tíðkast í götunni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026